

Borgarráð

***Samstarfssamningur milli Reykjavíkur og Wrocław í Póllandi og fyrirhuguð ferð borgarstjóra og föruneytis til Wrocław***

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samningi um samstarf milli Reykjavíkur og Wrocław í Póllandi.

Þá tilkynnist að fyrirhuguð er ferð borgarstjóra, ásamt föruneyti, til Wrocław borgar í Póllandi dagana 5. til 8. apríl 2017. Ferðin er í boði Wrocław borgar og er um að ræða lið í vináttusamskiptum milli borganna og hugmyndum um að formgera samstarf borganna tveggja í tvíhliða samkomulagi þeirra á milli en samstarfið má rekja aftur til ársins 2014. Í föruneyti borgarstjóra eru Pétur Krogh Ólafsson aðstoðarmaður borgarstjóra, Hilmar Hildar Magnússon alþjóðafulltrúi, Ólöf Örvarsdóttir sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs, Lech Padjak deildarstjóri landupplýsinga á umhverfis- og skipulagssviði, Hrólfur Jónsson skrifstofustjóri eigna- og atvinnuþróunar og Svanhildur Konráðsdóttir, sviðsstjóri menningar- og ferðamálasviðs. Hjálögð eru drög gestgjafa að dagskrá heimsóknarinnar.

Einnig er hjálagt minnisblað Hilmars Hildar Magnússonar alþjóðafulltrúa um samstarf borganna og fyrrgreind samningsdrög.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að samstarfssamningi milli Reykjavíkur og Wrocław.

Drög gestgjafa að dagskrá heimsóknar borgarstjóra og föruneytis til Wrocław.

Minnisblað Hilmars Hildar Magnússonar alþjóðafulltrúa um samstarf Reykjavíkur og Wrocław og drög að

samstarfssamningi, dags.27.3.2017.

## **PARTNERSHIP AGREEMENT BETWEEN REYKJAVIK AND WROCLAW**

made between:

**The City of Reykjavik**, represented by **Mayor Dagur B. Eggertson**,

and

**The City of Wrocław**, represented by **Mayor Rafał Dutkiewicz**,

hereafter referred to jointly as **Parties**, and severally as **Party**, in order to:

- perform the City of Wrocław's tasks as laid down in Article 7(1)(20) of the Act of 8 March 1990 on municipality government;
- implement Resolution no. .../.../... of the Wrocław City Council of ..... concerning the cooperation between the local communities of Wrocław and Reykjavik;

The Parties agree as follows:

### **§ 1. Subject of the agreement**

The subject of this agreement is launching a partnership between the local communities of the City of Reykjavik and the City of Wrocław.

### **§ 2. The Parties' commitments**

1. Within the context of the partnership, the Parties shall:
  - 1.1. entertain friendly and substantive relations between Wrocław and Reykjavik, aspiring to knowledge and experience exchange, especially in the domain of city management, protecting the heritage and identity of both Cities;
  - 1.2. fulfil jointly and with mutual approval the undertaken commitments, promoting a consistent and peaceful dialogue between both Cities' inhabitants;
  - 1.3. strive for a constant strengthening of friendly relations, based on the principles of mutual respect and equality grounded in the idea of human rights which shall be particularly promoted by the Parties among its local communities;
  - 1.4. seek more efficient ways of using the already existing economic and cultural relations based on good will, equal rights, and mutual benefits for the Parties and thereby the local communities of Reykjavik and Wrocław;
  - 1.5. assess the common goals for the development of Reykjavik and Wrocław, in particular healthy and safe social environment, using and preserving the architectural heritage, inhabitants' standard and conditions of living, and development of city transport.
2. The Parties agree that within the context of the partnership, particular attention shall be devoted to the following activity areas:
  - 2.1. city management;
  - 2.2. science and technology;
  - 2.3. art and culture;
  - 2.4. tourism and sport;
  - 2.5. environmental protection;
  - 2.6. municipal engineering;

- 2.7. transport;
  - 2.8. renovation and protection of historic buildings, protection of heritage;
  - 2.9. strategic planning of city development.
  - 2.10 revitalization
3. The Parties shall exchange experiences and diffuse information about the partnership's areas.

### **§ 3. Further provisions**

1. In case of lack of financing of the joint activities by third parties, the Parties shall implement the partnership on the basis of reciprocity principles. As concerns visits, the Party receiving the partner city's delegation shall cover the expenses related to accommodation, meals, and local transport, whereas the Party sending the delegation shall cover the travelling expenses, daily expenses, and other necessary prime costs.
2. This Agreement enters into force on the day of its signature. The Agreement remains in force for ... years from the day of its signature, and is automatically renewed for a period of another ..... years, if none of the Parties expressed earlier their will to terminate the agreement with six months' notice.
3. All amendments and supplements to this agreement shall be made in writing, otherwise being null and void.
4. The agreement was made in four copies, two for each of the Parties in English/~~Icelandic~~ and Polish, each of them original.

Wrocław, .....

Rafał Dutkiewicz  
Mayor of Wrocław

Dagur B. Eggertson,  
Mayor of Reykjavik

## visit of Reykjavik delegation

### 5 April 2017, Wednesday

- 18.05 arrival to Wrocław  
transfer to Art Hotel, Kiełbaśnicza 20, 50-110 Wrocław
- 20.00 welcome dinner Art Hotel  
Magdalena Piasecka, Deputy Mayor, Jan Wais, Deputy Director of Foreign Relations Office, Grażyna Adamczyk-Arns, Chairman of Wrocławska Rewitalizacja, Paweł Wojdylak, Agnieszka Głuszenkow-Kowalska

### 6 April 2017, Thursday

- 8.45 meeting at the reception desk  
9-11:30 projects of Wrocław, Rynek 13

#### **9.00 tourism**

Jan Wais Deputy Director Foreign Relations Office

#### **9:30 planning and development and environment**

Mrs Anna Sroczyńska, Director of Development Office of Wrocław

Mrs Jawiga Brzuchowska, Deputy Director of Development Office of Wrocław - Section of Geographic Information System

#### **10:00 a.m.**

Agnieszka Cybulska-Małycha, Director of Balanced Development Department

#### **10.30. a.m. business development**

Mrs Ewa Kaucz, Deputy Chairman of Wrocław Agglomeration Development Agency

#### **11:00 a.m. funds management**

Mrs Małgorzata Bartyna Zielińska tbc

- 12.00 meeting with the Mayor of Wrocław, Rafał Dutkiewicz, gifts exchange

lunch at La Maddalena Restaurant

Rafał Dutkiewicz, Ewa Gołąb-Nowakowska, Director of Foreign Relations Office, Grażyna Adamczyk-Arns, Agnieszka Cybulska-Małycha, Agnieszka Głuszenkow-Kowalska

- 15.00 Wrocław guided tour  
The Four Denominations District, Main Square, University, Ostrów Tumski
- 17.00 visit to Pan Tadeusz Museum
- 18.00 meeting at Barbara Infopoint, Irek Grin, Director of UNESCO World Book Capital 2017, Krzysztof Maj, CEO of European Capital of Culture Wrocław 2016, Berenika Nikodemka, Artist-in-residence project
- 19.00 dinner at Taszka restaurant  
Krzysztof Maj, Irek Grin, Berenika Nikodemka, Agnieszka Głuszczenkow-Kowalska, Paweł Wojdyłak

### **7 April 2017, Friday**

- 9.00 meeting at the reception desk
- 9.30 presentation of revitalization projects in Krzywy Komin Cultural Centre, walk through Nadodrze District
1. Mr Adam Grehl, Deputy Mayor of Wrocław
  2. Mrs Grażyna Adamczyk-Arns, Chairman of Wrocławska Rewitalizacja
- discussion: revitalization of degraded parts of the city – experiences of 2007-2016, cooperation possibilities, experience exchange, future plans
- 13.00 signing the partnership agreement, press conference, toast, City Council Hall
- 14.30 lunch at Pod Fredrą Restaurant  
Rafał Dutkiewicz, Jacek Ossowski, City Council Chairman,, Urszula Mrozowska, Foreign Relations City Council Commission,, Adam Grehl, Grażyna Adamczyk-Arns, Ewa Gołąb-Nowakowska, Agnieszka Głuszczenkow-Kowalska
- 16.30 visit to The Depot History Centre
- 19.00 Leszek Możdżer concert in National Forum of Music  
<http://www.nfm.wroclaw.pl/en/component/nfmcalendar/event/5179>
- 21:30 dinner at Mama Manousch Restaurant  
Grażyna Adamczyk-Arns, Ewa Gołąb-Nowakowska, Agnieszka

Głuszenkow-Kowalska, Paweł Wojdylak

**8 April 2017, Saturday**

4:15	hotel leaving
5:40	departure from Wrocław

## MINNISBLAÐ

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Hilmar Hildar Magnússon

---

### *Samstarf Reykjavíkur og Wrocław og drög að samstarfssamningi 2017*

Núverandi samskipti Reykjavíkurborgar og Wrocław í Póllandi má rekja aftur til ársins 2014 er Wrocław bauð Reykjavík til þátttöku í verkefninu DiverCITY: City For All Conference. Verkefnið var hluti af verkefni sem fjármagnað var úr Uppbyggingarsjóði EES (EEA/Norwegian Grants) og fólst m.a. í gagnkvæmum þekkingarsamskiptum og -heimsóknnum sérfræðinga af umhverfis- og skipulagssviðum borganna um aðferðir til að leysa úr áskorunum á sviði borgarþróunar.

Þá hefur Reykjavík, í gegnum Bókmenntaborg UNESCO, skóla- og frístundasvið og Landakotsskóla átt í menningarsamstarfi, einnig styrktu af Uppbyggingarsjóði EES, við samtökin Towarzystwo Aktywnej Komunikacji (Active Communications Society) í Wrocław. Um var að ræða samvinnuverkefnið *Storytelling Lab for Young Adults* og fólst það í samvinnu nemenda í 9. og 10. bekk Landakotsskóla og jafnaldra þeirra frá Wrocław veturnin 2015-16. Hóparnir áttu í gagnkvæmum heimsóknnum og samstarfi á netinu og var afrakstur vinnunnar bók með sögum og ljósmyndum krakkanna ásamt sýningum sem settar voru upp í Wrocław og Reykjavík. Sjá nánar á vefsíðu bókmenntaborgarinnar: <http://bokmenntaborgin.is/samvinnuverkefni/storytelling-lab-young-adults/>

Borgirnar hafa upp frá þessum verkefnum verið í góðu talsambandi og hefur borgarstjóra Reykjavíkur í tvígang verið boðið að vera viðstaddur viðburði í Wrocław, sem þó hefur ekki reynst unnt að sækja: við opnun Menningarborgarárs Evrópu í Wrocław í upphafi árs 2016; og haustið eftir við framhaldsverkefnið DiverCITY II, um endurnýjun og -þróun borgarrýma (e. urban revitalization/renewal), þátttöku almennings í skipulagsferlum, sbr. hverfaskipulag, o.fl.

### **Wrocław - saga, staðhættir, íbúar, menning og efnahagur**

Borgin Wrocław ['vr tswaf], einnig þekkt undir þýska nafninu Breslau, er stærsta borgin í vestanverðu Póllandi og liggur á bökkum ársinnar Oder þar sem hún rennur um Sílesíu lágsléttuna, í um 350 km fjarlægð frá Eystrasalti í norðri og um 40 km frá Súdetafjöllum í suðri. Wrocław er söguleg höfuðborg Sílesíu og lægri Sílesíu og er í dag höfuðborg Lægri-Sílesíu héraðs. Borgin hefur á ýmsum tímum í sögunni tilheyrt Póllandi, Bóhemíu, Ungverjalandi, Austurríki, Prússlandi og Þýskalandi. Hún varð hluti af Póllandi árið 1945.

Íbúafjöldi í Wrocław var 635.075 árið 2016 sem gerir hana að fjórðu stærstu borg Póllands.

Wrocław hósti ásamt fleiri borgum Evrópumeistaramótið í knattspyrnu árið 2012 og var Menningarborg Evrópu og Bókmenntaborg heimsins hjá UNESCO (e. World Book Capital) árið 2016. Árið 2017 hósti Wrocław alþjóðlega viðburði á borð við ársþing Alþjóðasambands bókasafna (IFLA) og Heimsleikana (World Games).

Wrocław er þekkt fyrir iðnað af ýmsu tagi, s.s. framleiðslu strætis- og járnbrautavagna og ýmissa rafeindatækja, og hósti mörg innlend og alþjóðleg fyrirtæki á þeim vettvangi. Borgin þykir um margt vera sjálfri sér næg, hún nær hátt á lista um borgir er kemur að hnattvæðingu og lífsgæðum og er vaxandi banka- og viðskiptamiðstöð.

### **Borgarstjórn og borgarstjóri Wrocław**

Borgarstjórn Wrocław er kjörin beinni kosningu og samanstendur af 39 borgarfulltrúum. Borgarstjórn fer með öll málefni sveitarstjórnar, þ.m.t. innviðauppbýggingu, skipulagsvald og samgöngur. Hún innheimtir ekki skatt beint af borgurunum en fær úthlutað fjármagni frá pólska þinginu í Varsjá. Borgarstjóri Wrocław er Rafal Dutkiewicz (f. 6. júlí 1959) og hefur hann gegnt embættinu frá 2002. Hann er óflokksbundinn en upphaflega kjörinn með stuðningi flokkanna Laga og réttlætis, sem er hægri þjóðernisihaldsflokkur núverandi forsætisráðherra Beata Szydło (2015- ), og Borgaravettvangs, sem er frjálslyndur hægri flokkur Donald Tusk fyrrverandi forsætisráðherra (2007-2014) og núverandi forseta leiðtoga ráðs Evrópusambandsins (2014-). Dutkiewicz borgarstjóri var áður félagi í Samstöðu, verkalýðs- og andspyrnuhreyfingu Lech Walesa fyrrum forseta Póllands, og gegndi m.a. stöðum ritara og forseta hreyfingarinnar í Wrocław.

### **Drög að samstarfssamningi milli Reykjavíkur og Wrocław**

Hjálögð drög að samstarfssamningi milli Reykjavíkur og Wrocław (e. Partnership Agreement Between Reykjavík and Wrocław) eru í þremur greinum og fjalla um eftirfarandi:

1. Viðfangsefni samningsins: Almenn yfirlýsing um að stofna til samstarfs milli borganna tveggja.
2. Skuldbindingar borganna
  1. Upptalning á fimm atriðum sem borgirnar vilja ná fram innan ramma samstarfsins:
    1. Þær eigi í vinsamlegum og raunverulegum samskiptum er beri í sér að deila þekkingu og reynslu, sérstaklega er varðar stjórnun og verndun arfleifðar og einkenna beggja borga.
    2. Þær vinni sameiginlega og með gagnkvæmu samþykki að þeim verkefni sem ráðist er í hverju sinni, og stuðli að friðsamlegum og viðvarandi samskiptum milli íbúa borganna.
    3. Þær leitist stöðugt við að styrkja vinsamleg samskipti sín sem byggji á meginreglum um gagnkvæma virðingu og jafnræði og hvíli á hugmyndum um mannréttindi, sem borgirnar skuli tala fyrir í nærsamfélaginu.
    4. Þær leiti árangursríkari leiða við að nýta sér þau efnahags- og menningarlegu sambönd sem þegar hefur verið komið á í nafni velvilja, jafnréttis, og gagnkvæms ávinnings aðila.
    5. Þær meti sameiginleg markmið er varða þróun Reykjavíkur og Wrocław, sérstaklega er varðar heilbriggt og öruggt félagslegt umhverfi, notkun og verndun

byggingarsögulegs arfs, lífsgæði og lífsskilyrði íbúanna og þróun borgarsamgangna.

2. Upptalning á tíu athafnasviðum sem sérstaklega skal hugað að innan ramma samstarfsins:
  1. Stjórnun borganna.
  2. Vísindi og tækni.
  3. Menning og listir.
  4. Ferðamennska og íþróttir.
  5. Umhverfisvernd.
  6. Borgarframkvæmdir (e. city engineering).
  7. Samgöngur.
  8. Uppgerð og verndun sögulegra bygginga, verndun menningararfs.
  9. Stefnumiðað skipulag borgarþróunar (e. strategic planning of city development).
  10. Skipulögð endurnýjun borgarhluta (e. urban renewal, revitalization).
3. Önnur ákvæði (fjögur ákvæði um gildistíma o.fl.).

Hilmar Hildar Magnússon